

Alþingi  
Erindi nr. P 132/938  
komudagur 21. 2. 2006.



CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND  
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

NEYTENDASAMTÖKIN

Menntamálanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13  
108 REYKJAVÍK  
SÍMI 545 1200  
TELEFAX 545 1212  
ns@ns.is  
PÓSTHÓLF 8160  
128 REYKJAVÍK

Reykjavík 20. febrúar 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál.**

Neytendasamtökin lýsa yfir stuðningi við þann megintilgang frumvarpsins að rekið sé útvarp, bæði hljóðvarp og sjónvarp, í almannabágu. Samtökin taka undir rökstuðning fyrir rekstri útvarps í almannabágu sem fram kemur í greinargerð. Ekki má túlka útvarp í almannabágu of þröngt, þar sem hluti starfseminnar hlýtur samkvæmt eðli máls að vera að einhverju leiti í samkeppni við aðra miðla, t.d. fréttir og afþreying svo eitthvað sé nefnt. Það er þó skoðun Neytendasamtakanna að skýra þurfi betur í 3. gr. hlutverk Ríkisútvarpsins sem útvarps í almannabágu þannig að ljóst sé að dagskrárstefna Ríkisútvarpsins er í meginatriðum önnur en stöðva sem reknar eru á markaðsforsendum.


Neytendasamtökin taka ekki afstöðu til rekstrarforms Ríkisútvarpsins, en leggja áherslu á að það eigi að vera í eigu almannaálfeldsins, þ.e. ríkisins. Við ákvarðanir um rekstrarform og skipulag verður að gæta þess að almannaútvarp þarf að vera sem sjálfstæðast, bæði gagnvart hagsmunum stjórnámálanna og -flokka og gagnvart viðskiptahagsmunum. Neytendasamtökin vilja, vegna tillögu frumvarpsins um hlutafélag, taka fram að útvarp sem eingöngu er rekið út frá viðskiptalegum forsendum getur aldrei uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til útvarps í almannabágu. Verði hlutafélagsformið fyrir valinu þarf að ganga svo frá að rekstur þess miðist fyrst og fremst við útvarp í almannabágu, að samkeppnisrekstur sé eingöngu stundaður út frá hagsmunum almannaútvarpsins, og að almenningur hafi sem greiðastar upplýsingar um rekstur og stöðu Ríkisútvarpsins, með því t.d. að upplýsingalög taki til fyrirtækisins.

Neytendasamtökin hafa fjallað ítarlega um hvernig rétt sé að standa að fjármögnun Ríkisútvarpsins það er skoðun Neytendasamtakanna að upphæð nefskatts sem kynnt er í frumvarpinu sé mjög há og komi illa við mörg heimili þar sem stálpaðir unglingar eða ungt fólk búa enn í foreldrahúsum. Neytendasamtökin minna á að skylduáskrift að Ríkisútvarpinu með afnotagiöldum hefur reynst óvinsæl hjá mörgum. Hætt er við að nefskattur sem er jafn hár og frumvarpið gerir ráð fyrir verði ekki síður óvinsæll. Neytendasamtökin mæla því með að skoðað verði hvort ekki eigi að flétta saman mismunandi fjármögnunarleiðum, þ.e. nefskatti sem yrði lægri en fram kemur í frumvarpinu og fjárveitingum sem ákveðnar yrðu af Alþingi auk auglýsinga og kostunar.

Neytendasamtökin setja í þessu samhengi fram þá spurningu hvort ekki beri að skoða þá leið varðandi tekjur af auglýsingum og kostun, að sett verði ákveðið þak á þessar tekjuleiðir og sem miðist við að skapa einingu um þennan þátt í starfsemi Ríkisútvarpsins. Ljóst er að Ríkisútvarpið er stórtækur aðili á auglýsinga- og kostunarmarkaði á sviði ljósvakamiðla.

Loks vilja Neytendasamtökin taka undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Hollvina Ríkisútvarpsins um „akademíska” stjórn Ríkisútvarpsins við frumvarp sem lagt var fram á síðasta þingi um Ríkisútvarpið sf. Það er að mati Neytendasamtakanna afar mikilvægt að ekki sé hægt að stýra Ríkisútvarpinu út frá flokkspólitískum forsendum. Eins og frumvarpið er nú um Ríkisútvarpið skal stjórn þess valin á Alþingi og jafnframt er stjórninni heimilt að ráða og segja útvarpsstjóra upp störfum fyrirvaralaust. Það er því hætt við því, þó svo að stjórnin eigi aðeins að taka ákvarðanir er varða fjárhagslegan rekstur, að útvarpsstjóri telji sig illa geta gengið gegn vilja meirihluta stjórnar hverju sinni þegar upp koma mál þar sem þarf að velja á milli faglegra sjónarmiða sem snerta rekstur og stjórnun útvarpsins og annarra sjónarmiða t.d. stjórn málalegs eðlis. Neytendasamtökin mæla því með að auk stjórnar verði skipað eftirlitsráð samkvæmt tilnefningum almennasamtaka, og þurfi það ráð að samþykkja ákvarðanir stjórnar í stærri málum auk þess að hafa umsagnarrétt og eftirlitsskyldu varðandi skilgreinda þætti útvarpsins. Neytendasamtökin vísa hér einnig til kafla þrjú (um eftirlitsráð almannaútvarpsstofnana) í tilmælum Evrópuráðsins frá 1996 um að tryggja sjálfstæði almannaútvarps.

Virðingarfyllst  
f.h. Neytendasamtakanna

  
Jóhannes Gunnarsson formaður